

Gæðauppgjör 2024

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja



Í samræmi við 11. gr. laga [um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007](#) og reglugerð um [gerð gæðavisa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar](#) hefur landlæknir sett fram [áætlun um gæðabróun innan heilbrigðisþjónustunnar 2019-2030](#). Áætlunin miðar að því að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun hennar. Samkvæmt fyrrnefndri áætlun eiga veitendur heilbrigðisþjónustu að skila árlega gæðauppgjöri til embættis landlæknis.

Þetta er í fyrsta skipti sem gæðauppgjör er gert á HSS og því ekki hægt að bera saman við fyrri ár, en breyting verður á því eftir þetta gæðauppgjör 2024.

Umbótaferli og stjórnskipulag

Umbætur og vinnulag í heilbrigðisþjónustu

Umbótastarf

Vinsamlega merkið við viðeigandi svar

☐ **Grænt:** Gott. Unnið er að umbótastarfi á kerfisbundinn hátt, starfsfólk er vel upplýst um hugmyndafræði umbótavinnu. Ákveðnir starfsmenn hafa það sem skilgreint verkefni að halda utan um umbótastarf, hafa yfirsýn og vera leiðandi. Umbótahópar eru starfandi. Innleiðing umbóta hefur skilað árangri (mælanlegur árangur). Gæðaskjöl/gæðahandbók er aðgengileg.

☐ **Gult:** Ásættanlegt. Unnið er að því að skipuleggja umbótavinnu og kynna hugmyndafræði umbótastarfs fyrir starfsfólki. Umbótahópar eru starfandi.

☐ **Rautt:** Óásættanlegt. Umbótastarf er ekki unnið með skipulögðum hætti.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
☐	☐	☐	☐	☐	☒	☐	☐	☐	☐

Vinsamlega gefið umbótastarfi einkunn með því að merkja við viðeigandi tölu

Hvað þarf til að einkunnin hækki a.m.k. um einn?

Svar: Koma umbótarstarfi á hjúkrunardeildinni í betra horf. Verið að mynda umbótahóp, en hann er ekki orðinn starfandi.

Nýlega valdir gæðavísar fyrir heilsugæsluna og stendur til að birta þá.

Er miðlæg rafræn gæðahandbók í notkun? ☒ Já ☐ Nei

Hvernig eru verklagsreglur og vinnulýsingar sem unnið er eftir kynntar starfsfólki?

Svar: Samkvæmt gæðaskjali er það í höndum stjórnanda viðkomandi deildar að upplýsa starfsfólk um nýtt gæðaskjal. Einnig eiga gæðaverðir deilda að vekja athygli á gæðaskjöllum. Í febrúar 2025 var breyting á gæðahandbókinni á þann veg að nú er hægt að senda lestrarbeiðni á starfsmenn sem þá þurfa að kvitta rafrænt fyrir að hafa lesið gæðaskjalið.

Almennt um stjórnskipulag

Lýsið því hvernig tryggt er að allir stafsmenn hafi starfslýsingu og starfsleyfi þegar það á við.

Svar: Mannauðsstjóri heldur utan um að allar starfslýsingar séu í gæðahandbók HSS og gerir nýjar starfslýsingar þegar við á. Væntanlegir stafsmenn þurfa að skila inn starfsleyfi áður en ráðningarsamningur er gerður. Það er því enginn ráðningarsamningur gerður fyrr en starfsleyfi hefur borist stofnuninni.

Gæðavísar

Landsgæðavísar og valgæðavísar sem lýsa heilbrigðisþjónustu

Meðfylgjandi eru niðurstöður úttekta á gæðavísam hjúkrunardeildar og sjúkradeildar árið 2024. Hjúkrunardeildin opnaði í október 2023 og byrjað var að gera úttektir á eftirfarandi gæðavísam í apríl árið 2024. Úttektir eru framkvæmdar 4x á ári.

1. Hlutfall sjúklinga með skráð byltumat miðað við 67 ára og eldri. *Talinn er fjöldi inniliggjandi sjúklinga 67 ára og eldri þar sem áhættumat vegna byltu er skráð í sjúkraskrá sem hlutfall af heildarfjölda inniliggjandi sjúklinga 67 ára og eldri. Meðaltal í úttektum á hjúkrunardeildinni árið 2024 var 37,3 % og á sjúkradeildinni 79,8 %.*

Hjúkrunardeild

Áhættumat byltna hjá 67 ára og eldri	Apríl	Ágúst	Desember
Allir inniliggjandi sjúklingar 67 ára og eldri	25	26	29
Inniliggjandi sjúklingar 67 ára og eldri með skráð byltumat í sjúkraskrá	0	3	29
Hlutfall sjúklinga 67 ára og eldri með skráð byltumat í sjúkraskrá	0%	12%	100%

Sjúkradeild

Áhættumat byltna hjá 67 ára og eldri	23.jan	8.maí	22.ágú	28.nóv
Allir inniliggjandi sjúklingar 67 ára og eldri	13	14	17	17
Inniliggjandi sjúklingar 67 ára og eldri með skráð byltumat í sjúkraskrá	11	9	14	15
Hlutfall sjúklinga 67 ára og eldri með skráð byltumat í sjúkraskrá	85%	64%	82%	88%

2. Hlutfall sjúklinga með áhættumat vegna þrýstingssára. *Talinn er fjöldi inniliggjandi sjúklinga þar sem áhættumat vegna þrýstingssára er skráð í sjúkraskrá sem hlutfall af heildarfjölda inniliggjandi sjúklinga. Meðaltal í úttektum á hjúkrunardeildinni árið 2024 var 35,7 % og á sjúkradeildinni 69,5%.*

Hjúkrunardeild

Áhættumat þrýstingssára	Apríl	Ágúst	Desember
Heildarfjöldi sjúklinga í meðferð á deildinni	26	28	31
Fjöldi sjúklinga með áhættumat þrýstingssára	0	2	31
Hlutfall sjúklinga með áhættumat þrýstingssára	0%	7%	100%

Sjúkradeild

Áhættumat þrýstingssára	23.jan	8.maí	22.ágú	28.nóv
Heildarfjöldi sjúklinga í meðferð á deildinni	17	19	19	19
Fjöldi sjúklinga með áhættumat þrýstingssára	7	14	14	17
Hlutfall sjúklinga með áhættumat þrýstingssára	41%	74%	74%	89%

3. Hlutfall sjúklinga með áhættumat vegna vannæringar. *Talinn er fjöldi inniliggjandi sjúklinga þar sem áhættumat vegna vannæringar er skráð í sjúkraskrá sem hlutfall af heildarfjölda inniliggjandi sjúklinga. Meðaltal í úttektum á hjúkrunardeildinni árið 2024 var 31,3 % og á sjúkradeildinni 66,5%.*

Hjúkrunardeild

Áhættumat á vannæringu	Apríl	Ágúst	Desember
Allir inniliggjandi sjúklingar í meðferð á deildinni	26	28	31
Fjöldi sjúklinga með áhættumat vannæringar	0	2	27
Hlutfall sjúklinga með áhættumat vannæringar	0%	7%	87%

Sjúkradeild

Áhættumat á vannæringu	23-Jan	08-May	22-Aug	28-Nov
Allir inniliggjandi sjúklingar í meðferð á deildinni	17	19	19	19
Fjöldi sjúklinga með áhættumat vannæringar	6	14	13	17
Hlutfall sjúklinga með áhættumat vannæringar	35%	74%	68%	89%

4. Spítalasýkingar. *Talinn er fjöldi sjúklinga með spítalasýkingu sem hlutfall af heildarfjölda sjúklinga í meðferð á deildinni. Meðaltal í úttektum á hjúkrunardeildinni árið 2024 var 13,3 % og sjúkradeildinni á 13,3%.*

Hjúkrunardeild

Spítalasýkingar	Apríl	Ágúst	Desember
Heildarfjöldi sjúklinga í meðferð á deildinni	26	28	31
Fjöldi sjúklinga með spítalasýkingu	4	7	0
Hlutfall sjúklinga með spítalasýkingu	15%	25%	0%

Sjúkradeild

Spítalasýkingar	24.jan	8.maí	22.ágú	28.nóv
Heildarfjöldi sjúklinga í meðferð á deildinni	17	19	19	19
Fjöldi sjúklinga með spítalasýkingu	1	3	4	2
Hlutfall sjúklinga með spítalasýkingu	5%	16%	21%	11%

Hvernig er fylgst með niðurstöðum gæðavísa?

Svar: Allar niðurstöður eru settar inn í lokaðan hóp á TEAMS sem gæðastjóri ásamt gæðaverði og stjórnanda viðkomandi deildar hafa aðgang að. Gæðaverðir upplýsa síðan starfsfólk um niðurstöður í lok hvernar úttektar.

Hvernig eru niðurstöðurnar nýttar í umbótastarfi?

Svar: Umbótaþópur er starfandi á sjúkradeildinni og fer hann yfir úttektir og vinnur að lausnum þeim tengdum. Umbótaþópur ekki orðinn starfandi á hjúkrunardeildinni en verið er að vinna að myndun hans. Deildarstjóri og gæðavörður hjúkrunardeildar hafa brugðist að einhverju leiti við niðurstöðum úttekta m.a. með innleiðingu á öryggisinnliti til skjólstæðinga og gerð gæðaskjala.

Skráning og úrvinnsla atvika

Fjöldi atvika flokkuð eftir alvarleika og tegund

Heildarfjöldi skráðra atvika í Sögukerfið 2024 var 391

Alvarleiki	Mjög lítil	Lítill	Miðlungs	Alvarlegt	Mjög alvarlegt	Ekki metið	Alls
	299	76	13	0	3		391

Þau þrjú atvik sem eru undir mjög alvarleg atvik voru tilkynnt til Embætti landlæknis.

Tegund	Fall/bylta	Ofbeldi	Lyfjaatvik	Skjólst. annað	Þrýstingssár	Rannsókn	Bið eftir þjónustu	Alls
Hjúkrunardeild	108	32	25	23	0	2	3	193
Sjúkradeild	89	2	22	12	2	6	6	139
Ljósmeðravakt	0	0	0	0	0	0	0	0
Heilsugæsla	1		1	1		7	2	12
Rannsókn		1		3		2	1	7
Heimahjúkrun	2	2	14	3	0	0	1	22
Slysadeild			4	6		4	4	18
Alls	200	37	66	48	2	21	17	391

Telja má að vanskráning sé á atvikum á ljósmeðravakt þar sem ekkert atvik er skráð árið 2024.

Er unnið kerfisbundið úr skráðum atvikum? Ef já, hvernig og hvaða fagaðilar koma að því?

Svar: Stjórnendur deilda fara yfir atvik og vinna að úrbótum eftir því sem við á, oft í samvinnu við gæðavörð deildar og eftir atvikum í samvinnu við gæðastjóra og/eða aðrar fagstéttir t.d lækna eða lífeindafræðinga. Gæðastjóri lýkur atvikum eftir að úrvinnsla hefur farið fram og hann hefur ekki athugasemdir varðandi hana.

Hlutfall atvika þar sem úrvinnslu er lokið

Svar: 99% eða 388 af 391

Dæmi um umbætur sem gerðar voru í kjölfar atviks

Svar: Öryggisinnlit innleit bæði á hjúkrunardeild og sjúkradeild.

Farið yfir verklög á stofnuninni og gerð ný gæðaskjöl. Dæmi um nýtt verklag eftir atvik er VER-0684 er varðar merkingu og frágang sýna. Snýr meðal annars að frágangi sýna fyrir sendingu á Landspítala. Þá voru keyptir sérstakir pokar undir sýni af Landspítala til að tryggja að sýni berist á rétta starfseiningu.

Þjónustukannanir

Eru gerðar reglubundnar þjónustukannanir? ☐ Já ☒ Nei

Ef já, vinsamlegast sendið heildarniðurstöður nýjustu þjónustukönnunar sem fylgiskjal

Svar: Ekki hafa verið gerðar reglubundnar þjónustukannanir á HSS en verið er að fara af stað með þjónustukönnun sem fjármála-og efnahagsráðuneytið bíður upp á fyrir ríkisstofnanir, en ráðuneytið er með samning við félagsvísindastofnun vegna framkvæmdar á henni. Áætlað er að byrja að vinna með þjónustukönnunina í lok maí 2025. Þjónustukönnunin mun ná yfir heilsugæsluna í Reykjanesbæ og heilsugæsluselin í Suðurnesjabæ og Vogum. Einnig dagdeild, móttöku, rannsókn, röntgen og sálfélagslega þjónustu.

Gerð var þjónustukönnun á sjúkradeildinni í 10 mánuði þ.e frá 21.02.2023- 07.02.2024. Niðurstöður hennar eru í fylgiskjali.

Dæmi um hvernig niðurstöður úr þjónustukönnun voru nýttar til umbóta

Svar: Starfsfólk sjúkradeildar var upplýst um niðurstöður þjónustukönnunarinnar til að auka vitund starfsfólks um upplifun skjólstæðinga á þjónustunni. Ítrekað við starfsfólk að gera bréf til sjúklings við útskrift.


Fylgiskjal

Þjónustukönnun sjúkradeildar 2023-2024

Könnunin var send til skjólstæðinga sjúkradeildar sem útskrifuðust á tímabilinu 21.03.2023-07.02.2024 og var svarhlutfall 47%. Niðurstöður voru eftirfarandi:

Upplifðir þú að komið væri fram við þig af virðingu meðan á dvöl þinni stóð?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Alltaf	80.23%	69
▼ Oftast	11.63%	10
▼ Stundum	5.81%	5
▼ Sjaldan	1.16%	1
▼ Aldrei	1.16%	1
TOTAL		86

Hvernig fannst þér fæðið sem boðið var upp á meðan á dvöl þinni stóð?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Mjög gott	19.77%	17
▼ Gott	34.88%	30
▼ Sæmilegt	33.72%	29
▼ Vont	8.14%	7
▼ Á ekki við	3.49%	3
TOTAL		86

Hversu hrein fannst þér sjúkrastofan og deildin ?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Mjög hrein	77.91% 67
▼ Nógu hrein	18.60% 16
▼ Ekki mjög hrein	3.49% 3
▼ Alls ekki hrein	0.00% 0
TOTAL	86

Hvernig voru samskipti þín við lækna deildarinnar?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Mjög góð	68.60%	59
▼ Frekar góð	19.77%	17
▼ Hvorki slæm né góð	4.65%	4
▼ Frekar slæm	0.00%	0
▼ Mjög slæm	3.49%	3
▼ Veit ekki/vil ekki svara	3.49%	3
TOTAL		86

Fannst þér lækarnir sem meðhöndluðu þig vita nógu mikið um ástand þitt og meðferð ?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Allir vissu nægilega mikið	53.49%	46
▼ Flestir vissu nægilega mikið	32.56%	28
▼ Sumir vissu nægilega mikið	6.98%	6
▼ Enginn vissi nægilega mikið	4.65%	4
▼ Get ekki sagt til um það	2.33%	2
TOTAL		86

Fékkstu skýr svör þegar þú spurðir lækna spurninga meðan á dvölinni stóð ?


Answered: 85 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ None of the above	0.00%	0
▼ Alltaf	57.65%	49
▼ Oftast	29.41%	25
▼ Stundum	4.71%	4
▼ Sjaldan	4.71%	4
▼ Aldrei	1.18%	1
▼ Hafði ekki þörf fyrir að spyrja	2.35%	2
▼ Other (please specify)	Responses 0.00%	0
TOTAL		85

Hvernig voru samskipti þín við hjúkrunarfræðinga


Answered: 85 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Mjög góð	83.53%	71
▼ Frekar góð	11.76%	10
▼ Hvorki slæm né góð	4.71%	4
▼ Frekar slæm	0.00%	0
▼ Mjög slæm	0.00%	0
▼ Veit ekki/vil ekki svara	0.00%	0
TOTAL	85	

Fannst þér hjúkrunarfræðingar sem önnuðust þig vita nógu mikið um ástand þitt og meðferð?


Answered: 85 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Allir vissu nægilega mikið	57.65%	49
▼ Flestir vissu nægilega mikið	32.94%	28
▼ Sumir vissu nægilega mikið	4.71%	4
▼ Enginn vissi nægilega mikið	2.35%	2
▼ Get ekki sagt til um það	2.35%	2
TOTAL		85

Fékkstu skýr svör þegar þú spurðir hjúkrunarfræðinga spurninga á meðan á dvölinni stóð?


Answered: 84 Skipped: 2



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Alltaf	53.57%	45
▼ Oftast	36.90%	31
▼ Stundum	3.57%	3
▼ Sjaldan	5.95%	5
▼ Aldrei	0.00%	0
▼ Hafði ekki þörf fyrir að spyrja	0.00%	0
TOTAL		84

Hvernig voru samskipti þín við sjúkraliða


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Mjög góð	75.58%	65
▼ Frekar góð	16.28%	14
▼ Hvorki slæm né góð	8.14%	7
▼ Frekar slæm	0.00%	0
▼ Mjög slæm	0.00%	0
▼ Veit ekki/vil ekki svara	0.00%	0
TOTAL		86

Pegar teknar voru ákvarðanir um umönnun þína og meðferð var þá haft eins mikið samráð við þig og þú hefðir viljað?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Alltaf	56.98%	49
▼ Oftast	30.23%	26
▼ Stundum	4.65%	4
▼ Sjaldan	2.33%	2
▼ Aldrei	5.81%	5
TOTAL		86

Pegar teknar voru ákvarðanir um umönnun þína og meðferð var þá haft eins mikið samráð við þig og þú hefðir viljað?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Alltaf	56.98%	49
▼ Oftast	30.23%	26
▼ Stundum	4.65%	4
▼ Sjaldan	2.33%	2
▼ Aldrei	5.81%	5
TOTAL		86

Fékkstu nægilegt næði til þess að ræða ástand þitt, líðan og/eða meðferð?


Answered: 86 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Alltaf	60.47%	52
▼ Oftast	27.91%	24
▼ Stundum	3.49%	3
▼ Sjaldan	2.33%	2
▼ Aldrei	5.81%	5
TOTAL		86

Fékkst þú og/eða nánasti fjölskyldumeðlimur þinn að vita af útskrift þinn með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara ?


Answered: 83 Skipped: 3



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	77.11% 64
Nei	22.89% 19
TOTAL	83

Fékkst þú skriflegar upplýsingar í „Bréfi til sjúklings“ við útskrift ?

Answered: 83 Skipped: 3



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	62.65% 52
Nei	37.35% 31
TOTAL	83

Þegar á heildina er litið, hver var reynslan þín dvölinni á kvarðanum 1 til 5, þar sem 1 er mjög slæm reynsla og 5 er mjög góð reynsla.

Answered: 85 Skipped: 1

4.3★

average rating



	1.	2.	3.	4.	5.	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
★	5.88% 5	2.35% 2	11.76% 10	20.00% 17	60.00% 51	85	4.26

Auk þessara spurninga gátu skjólstæðinga komið á framfæri því sem þeir vildu í lok könnunarinnar t.d ábendingum eða hrósi.